

Fylgiskjal III: Lýsing á staðháttum við vinnslustað:


Tilvísun til III. kafla, 10.2.c. greinar reglugerðar 785/1999 m. Breytingum 849/2000, 47/2001, 105/2004 og 1077/2055 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér mengun („Lýsing á staðháttum við vinnslustað“).

Fyrirhugað er að reisa fiskeldisstöðina í landi Reykjanesvirkjunar, sem er í eigu HS Orku.

Fyrirhugað er að reisa fiskeldisstöðina í landi Vitabrautar, landnúmer 129923, en eigandi þess er HS Orka, kt. 680475-0169, Brekkustíg 36 í Reykjanesbæ. Landspilda er 87.845 m² og skiptist í aðal reit sem er 68.482 m², milli reit sem er 10.416 m² og sjótöku reit sem er 8.946 m² og er hæð landsins 9,50 m y.s. Landslag á þessu svæði einkennist af grófu og mishæðóttu hrauni.

Á mynd 1 er sýnd staðsetning fyrirhugaðra mannvirkja svo sem fiskeldisstöðvar, sjótökuhola og lagna að og frá stöðinni. Ennfremur eru merktar inn á mynd 1 staðsetningar ljósmynda A, B og C sem fjallað er um hér að neðan. Ljósmyndirnar eiga að gefa hugmynd um staðsetningu og ásýnd mannvirkja í landinu eða nánar tiltekið frá þjóðvegi, sjótökusvæði Reykjanesvirkjunar og frá norðurhlíð Vatnsfells þar sem Reykjanesviti stendur. Byggingar fiskeldisstöðvar eru flestar lágreistar með hámarkshæð 6 metra. Starfsmannahús mun þó ná 7 metra hæð. Landslag á þessu svæði einkennist af grófu og mishæðóttu hrauni.

Mynd 1: Yfirlitsmynd af staðsetningu mannvirkja og ljósmynda tekna af vettvangi



Bókstafarnir A, B,C vísa til þeirra staðsetninga, þar sem myndir 2, 3 og 4 hér að neðan voru teknar.

Sjónarhorn (A) frá Nesvegi (425) í átt að Reykjanesvirkjun

Á mynd 2 er horft frá Þjóðvegi til vesturs í átt að Reykjanesvirkjun. Myndin er tekin upp á hól skammt frá vegamótunum, sjónarhornið er rúmlega 3 hærra en vegurinn, kóti u.þ.b. 25 m yfir sjávarmáli. Landslagið á svæðinu er hæðótt hraunfirborð þar sem landinu hallar ekki jafnt niður að strönd, kóti svæðis þar er á milli 5 og 10 m yfir sjávarmáli. Frá þessu sjónarhorni hindrar bæði landslagið og mannvirki Reykjanesvirkjunar sýn til fiskeldisstöðvarinnar. Vegurinn frá Þjóðveginum út að Reykjanesvita eltir lágpunkta landsins nokkuð. Þar sem mannvirki fiskeldis eru ekki mjög há, eru sjónarhorn frá veginum þar sem sést til þeirra ekki mörg. Sjást mun til þeirra frá nokkrum stöðum og oft þá aðeins lítillega.

Mynd 2: Sjónarhorn (A) frá Nesvegi (425) að Reykjanesvirkjun



Sjónarhorn frá sjótökusvæði Reykjanesvirkjunar

Á mynd 3 er horft frá sjónámssvæði Reykjanesvirkjunar til suðvesturs í átt að norðurhlíð fiskeldisstöðvar, sjónarhornið er 2-3 metrum hærra en landið í forgrunni, kóti u.þ.b. 11 m yfir sjávarmáli. Fiskeldisstöðin verður staðsett skammt frá og í áþekktri hæð og sjónámssvæði HS Orku. Mannvirki verða vel sýnileg frá þessu sjónarhorni og frá strandsvæði.

Mynd 3: Sjónarhorn (B) frá sjótökusvæði Reykjanesvirkjunar í átt að framkvæmdasvæði



Sjónarhorn (C) frá Vatnsfelli við Reykjanesvíta í átt að framkvæmdasvæði

Á mynd 4 er horft frá norðurhlíð Vatnsfells við Reykjanesvíta til norðurs í átt að fiskeldisstöð, efst til hægri sjást mannvirki Reykjanesvirkjunar, sjónarhornið er a.m.k. 30 metrum hærra en undirlendið forgrunni, kóti u.þ.b. 51 m yfir sjávarmáli. Mannvirki hafa verið sett inn á myndina. Efst til hægri á

myndinni sjást mannvirki Reykjanesvirkjunar. Sjónarhornið er a.m.k. 30 metrum hærra en undirlendið í forgrunni, kóti u.þ.b. 51 m y.s. Mannvirki verða vel sýnileg frá norðurhlíð Vatnsfells. Leiða má líkur að því að meginþorri ferðamanna hafi meiri áhuga á svæðinu til suðvesturs frá Reykjanesvita í átt að Karli og að Eldey. Mörg mannvirki eru til staðar á svæðinu ef horft er til norðurs frá Reykjanesvita og því er ekki reiknað með að mannvirki fiskeldisstöðvarinnar muni draga frekar að sér athygli en önnur.

Mynd 4: Sjónarhorn (C) frá Reykjanesvita



Á Reykjanesi er svokallað brunalandslag sem gjarnan var notað um nýrunnið hraun sem einkennist af hrauni, gígum og hellum. Helstu einkenni þessarar landslagsgerðar á Reykjanesi er ógróið eða lítt gróið hraun sem er svart á að líta. Ströndin er stórgrýtt og klettótt og verulegt brim við ströndina. Fjaran er víðast hvar aðgengileg. Strandsvæðið nýtur ekki sérstakrar verndar en Reykjanesbær hyggst setja hverfisvernd á strönd Reykjanes samkvæmt drögum að aðalskipulagi 2008-2024.

Landslag svæðisins í nágrenni fiskeldisstöðvarinnar einkennist af stórbrotinni jarðfræði. Nútímahraun þekur svæðið og er það klofið af ungum misgengjum og opnum gjám. Framkvæmdasvæðið er innan svæðis á Náttúruminjaskrá, Reykjanes, Eldvörp og Hafnaberg og er tilgreint sem svæði til friðlýsingar í Náttúruverndaráætlun 2004-2008. Einnig njóta jarðmyndanir á svæðinu sérstakrar verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999. Gert er ráð fyrir að fiskeldið muni alfarið rísa á Yngra Stampahrauni, sem er frá þrettánda öld. Undir því er Eldra Stampahraun, en það er um 2000 ára gamalt.

Fyrirhugaðar framkvæmdir vegna fiskeldisstöðvarinnar eru á landi sem er í eigu HS Orku og hefur verið skilgreint sem iðnaðarsvæði í aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015, iðnaðarsvæði, orkuvinnsla á Reykjanesi. Þegar hefur farið fram ítarleg rannsókn á áhrifum á framkvæmda á svæðinu í nágrenninu vegna fyrirhugaðar stækkunar Reykjanesvirkjunar og er stuðst við þær athuganir í þessari umfjöllun.